

GJALDSKRÁ

fyrir þjónustu Náttúrufræðistofnunar Íslands.

1. gr.

Gjald fyrir útselda vinnu sérfræðings.

Náttúrufræðistofnun Íslands innheimtir gjald samkvæmt gjaldskrá þessari fyrir rannsóknir og ráðgjöf sem falla undir 4. gr. laga nr. 60/1992 um Náttúrufræðistofnun Íslands og náttúrustofur samkvæmt 5. gr. laga nr. 60/1992. Gjald fyrir hverja klukkustund skal vera eftirfarandi án vsk:

- | | |
|--------------------------|------------|
| a) Fyrir sérfræðinga I | kr. 13.200 |
| b) Fyrir sérfræðinga II | kr. 11.800 |
| c) Fyrir sérfræðinga III | kr. 10.400 |

2. gr.

Skordýra- og sveppagreiningar.

Náttúrufræðistofnun Íslands innheimtir gjald fyrir greiningu á skordýrum og sveppum samkvæmt 5. gr. laga nr. 60/1992.

Gjaldið skal vera kr. 2.500 fyrir skordýragreiningu til almennings.

Gjaldið skal vera kr. 5.000 fyrir sveppagreiningu til almennings.

3. gr.

Útgáfa rita.

Náttúrufræðistofnun Íslands innheimtir gjald fyrir útgáfu rita samkvæmt 5. gr. laga nr. 60/1992. Gjald fyrir hvert rit skal vera eftirfarandi án vsk:

- | | |
|--|-----------|
| a) Fyrir Fjölrit Náttúrufræðistofnunar | kr. 1.700 |
| b) Fyrir Blika | kr. 2.000 |

4. gr.

Lagastoð og gildistaka.

Gjaldskrá þessi er sett samkvæmt heimild í 5. gr. laga nr. 60/1992 um Náttúrufræðistofnun Íslands og náttúrustofur. Gjaldskráin öðlast þegar gildi. Frá sama tíma fellur úr gildi gjaldskrá nr. 237/2013 fyrir þjónustu Náttúrufræðistofnunar Íslands.

Umhverfis- og auðlindaráðuneytinu, 27. maí 2014.

F. h. r.

Sigríður Auður Arnardóttir.

Stefán Guðmundsson.